

Pingeyjarsveit
Tryggvi Harðarsson
Kjarna
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 3. apríl 2014
Tilvísun: UST20140300293/bs


Efnistökusvæði á Fljótshéiði. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Pingeyjarsveitar dags. 26. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna breytingar á aðalskipulagi Pingeyjarsveitar sem tekur til þess að gamalt námusvæði Vegagerðarinnar á Fljótshéiði verður fært inn á aðalskipulag vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Hringvegi í Reykjadal.

Umrædd náma var opnuð við lagningu Hringvegjar um Fljótshéiði og hefur staðið ófrágengin um árabíl. Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð efnistaka ætti ekki að hafa frekari neikvæð áhrif en þegar hafa orðið. Fyrirhuguð efnistaka er áætluð um 45.000 m³ á þremur árum. Ráðgert er að ganga frá námunni að efnistöku lokinni. Umhverfisstofnun telur að leggja ætti áherslu á góða umgengni í námunni þann tíma sem efnistakan stendur yfir. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi Pingeyjarsveitar.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur